



Dalapósturinn

4. tölublað, 6. árgangur
8. apríl 2013

Laus sumarstörf
Vinnuskólinn
Flokkstjóri
Silfurtún

Sjálfboðaliðaverkefni

Framhaldsskóladeild í Dalabyggð

Daladeild Garðyrkjufélags Íslands

Kjörskrá

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Framhaldsskóladeild / dreifnám í Dalabyggð

Kynningarfundur um framhaldsskóladeild / dreifnám í Dalabyggð verður haldinn í Auðarskóla miðvikudaginn 10. apríl kl. 17.

Dagskrá

1. Vinnuhópur Dalabyggðar um framhaldsskóladeild kynnir stöðu málsins.
2. Kolfinna Jóhannesdóttir skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar fer yfir mögulega starfsemi deildarinnar.
3. Umræður og fyrirspurnir

Fundurinn er opinn öllum íbúum Dalabyggðar og öðrum áhugasömum.

Kjörskrá

Kjörskrá Dalabyggðar vegna Alþingiskosninga laugardaginn 27. apríl liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins. Skrifstofan er opin alla virka daga kl. 10-14.

Einnig er hægt að kanna upplýsingar um skráningu á kjörstað á kosningavef Innanríkisráðuneytisins (www.kosning.is).

Kjörskrá miðast við skráð lögheimili í sveitarfélaginu fimm vikum fyrir kjördag, eða 23. mars 2013.

Sjálfböðavinnuverkefni

Sveitarstjórn hefur samþykkt reglur um styrki til sjálfböðavinnuverkefna. Til ráðstöfunar eru allt að 1.500.000 kr. á árinu 2013. Íbúar eru hvattir til að nýta sér þetta til að hrinda í framkvæmd brýnum umhverfisverkefnum í næsta nágrenni sínu.

Reglur og umsóknareyðublöð eru á vef Dalabyggðar.

Umsóknarfrestur er til 31. maí 2013.

Laus sumarstörf

Flokksstjóri vinnuskóla

Starf flokksstjóra við Vinnuskóla Dalabyggðar er laust til umsóknar.

Æskilegt er að umsækjandi sé 20 ára eða eldri, hafi reynslu af því að að vinna með börnum og hafi bíl til umráða.

Umsóknareyðublöð eru á www.dalir.is og á skrifstofu Dalabyggðar.

Umsóknarfrestur er til 17. maí 2013

Vinnuskóli

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 10. júní til 31. júlí og er fyrir unglinga fædda árin 1997 - 2000.

Daglegur vinnutími verður kl. 8-12 og 13-15 fimm daga vikunnar fyrir elstu börnin en fjóra fyrir hin yngri.

Umsóknareyðublöð eru á www.dalir.is og á skrifstofu Dalabyggðar.

Umsóknarfrestur er til 17. maí 2012

Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni

Óskað er eftir sumarstarfsfólki á Silfurtún sumarið 2013. Um er að ræða afleysingarstörf í sumar og fram á haust.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi SDS og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veitir Eypór J Gíslason rekstrarstjóri í síma 898 1251.

Umsóknir sendist á netfangið; silfurtun@dalir.is

Daladeild Garðyrkjufélags Íslands

Allir eru velkomnir á stofnfund Daladeildar Garðyrkjufélags Íslands er haldinn verður í Leifsbúð miðvikudaginn 10. apríl kl. 20 í Leifsbúð.

Dagskrá

1. Kynning á tilgangi félagsins/deildarinnar
2. Nafn félagsins/deildarinnar
3. Lög félagsins/deildarinnar
4. Kosningar
 - a. Formaður til eins árs
 - b. Gjaldkeri til eins árs
 - c. Ritari til eins árs
 - d. 2 meðstjórnendur til eins árs
 - e. 2 skoðunarmenn og einn til vara, til eins árs
5. Tillaga að námskeiðum og verkefnum í vor/sumar
6. Staðfesting á samkomulagi milli Dalabyggðar, Garðyrkjufélags Íslands og Daladeildar Garðyrkjufélags Íslands.
7. Önnur mál

Stutt erindi gesta

- a. Áhugaverð garðtré – Kristinn H Þorsteinsson
- b. Fjölæringar – Guðríður Helgadóttir
- c. Harðgerðar rósir – Vilhjálmur Lúðvíksson

f.h. undirbúningshóps.

Bergþóra Jónsdóttir

Hugrún Thorlacius

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Jóhanna Jóhannsdóttir